

CHRISTER MAGNUSSON

RITSTJÓRI KVEÐUR...

Í þessu öðru rafrænu tölublaði finna lesendur vonandi efni við allra hæfi. Hér eru greinar um fagið, um fólkið sem stundar hjúkrun og um félagið sem það er í. Sérstaklega er bent á grein um kjarabaráttuna í vor sem lauk með lagasetningu og gerðardómi.



Í blaðinu eru tvær fræðigreinar. Nýjung er að í smáforritsútgáfunni er umfjöllun um þær en heildartexti greinanna birtast á vefsvæði tímaritsins. Í fyrri greininni er lagt mat á fræðslu til starfsmanna í heimaþjónustu og til þess notaðir gæðavísir. Áhugavert er að sjá að fræðslan virðist hafa haft mikil áhrif, sérstaklega á byltur og verkjastillingu þjónustuþega. Í seinni rannsókninni kemur fram að hugsunarháttur þjónandi forystu virðist vera ríkjandi meðal hjúkrunarstjórnenda, að minnsta kosti á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Þetta er síðasti tölublaði mitt. Frá því haustið 2007 hef ég tekið þátt í að gefa út 40 tölublöð og hefur þetta verið skemmtilegur og lærdómsríkur tími. Mig langar að þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg í samstarfinu og sérstaklega þeim sem hafa tekið vel í að skrifa greinar. Lesendur munu þó ekki losna alveg við mig því ég á örugglega eftir að senda til blaðsins greinar sem vonandi fá birtingu. Mér þykir vænt um þetta blað og óska því alls hins besta á komandi árum.



... NÝR RITSTJÓRI TEKUR VIÐ

ÖLLUM BREYTINGUM fylgja tækifæri. Ákvörðunin um að gefa út tímaritið rafrænt var ekki úr lausu lofti gripin. Í niðurstöðu lesendakönnunar sem framkvæmd var í maí 2012 á meðal hjúkrunarfræðinga komu ítrekað fram þær óskir að gefa tímaritið út rafrænt. Það gefur augaleið að fjárhagslegur sparnaður er mikill, en þar fyrir utan er ákvörðunin vistvæn. Lesendur hafa val um að lesa tímaritið í tölvunni sinni, spjaldtölvum og snjallsímum, eða svokölluðum snjalltækjum. Þeir geta nálgast það í flettiriti, í smáforriti (appinu), eða lesið einstaka greinar eftir áhugasviði eða hentugleika. Þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að prenta út einstakar greinar.



Hlutfall reglulegra netnotenda er hvergi hærra í Evrópu en hér á landi, en um 95% landsmanna á aldrinum 16-74 ára eru reglulegir netnotendur. Blaða- og

fréttalestur hefur færst í auknum mæli á internetið, en um helmingur netnotenda tengist í gegnum snjalltæki. Að því er fram kemur í könnunum á snjallsímameign Íslendinga frá 2013 þá eiga tveir af hverjum þremur snjallsíma og um helmingur landsmanna spjaldtölvur.

Þrátt fyrir að við höfum mikla aðlögunarhæfni og séum nýjunga-gjörn þá erum við á sama tíma gjarnan íhaldssöm, og ég efast ekki um að það séu einhverjir sem sakna snertingarinnar við pappírinn. En rafræn útgáfa tímaritsins er ung, og við eigum margt eftir ólært. Vegna takmarkana getum við ekki birt ritrýndar fræðigreinar í smáforritsútgáfu en við munum leggja kapp á að gera þær eins aðgengilegar lesendum og kostur er. Þá er á stefnuskránni að nýta vel þær boðleiðir sem fyrir eru til að miðla efninu til lesenda.

Ég hlakka til að takast á við þau verkefni sem framundan eru, og hvet ykkur til að hafa samband ef þið eruð með tillögur að efni, áhuga-verðum viðmælendum, eða ef þið viljið senda inn greinar.